

Ragnhildur Stefánsdóttir

Form skynjana

Ásmundarsafn
The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum
mars – maí 1999

Ég held að á engan sé hallað þótt því sé haldið fram að á sviði íslenskrar myndlistar sé höggmyndalistin einkar lífleg um þessar mundir.

Við höfum séð þetta á fjölda áhugaverðra sýninga undanfarið, og er þar skemmst að minnast sýningarinnar „Strandlengjan" í Reykjavík á síðasta ári þar sem stór hópur listamanna setti upp verk sín á suðurströnd borgarinnar með eftirminnilegum hætti.

Íslendingar hafa notið þeirrar gæfu að hafa átt mikilhæfa myndhöggvara alla öldina, og má nefna þar til menn eins og Einar Jónsson, Sigurjón Ólafsson, Jón Gunnar Árnason og Ásmund Sveinsson. Nú undir aldarlok eru nöfn góðra íslenskra myndhöggvara enn fleiri, og er einkar áhugavert að sjá verk hinna yngri í samhengi við verk þessara brautryðjenda þegar færi gefst.

Nú er komið að einu slíku tækifæri. Safnið hefur boðið Ragnhildi Stefánsdóttur myndhöggvara að setja upp sýningu í Ásmundarsafni á verkum sínum og velja einnig á hana úr verkum Ásmundar. Hér getur að líta fróðlegt samspil ólíkra höggmynda þar sem mannslíkaminn er það sem bæði Ragnhildur og Ásmundur ganga út frá; það er síðan skynjun okkar á samleik forms og inntaks sem gefur verkunum gildi.

Guðrún Jónsdóttir,
formaður stjórnar Ásmundarsafns


I think it would not be unfair to maintain that within the visual arts the field of sculpture is especially vibrant in Iceland these days.

We have seen this in a number of interesting exhibitions recently, such as "The Coastline" in Reykjavík last year, where a large group of sculptors put their works up on the southern shore of the city in a very memorable way.

Iceland has been blessed in enjoying the talents of great sculptors all through the century, among them such men as Einar Jónsson, Sigurjón Ólafsson, Jón Gunnar Árnason and Ásmundur Sveinsson. As we near the end of the millenium, the list of names of good Icelandic sculptors is much longer, and it is especially interesting to see the works of the younger ones in the context of the works of these trailblazers, when the opportunity arises.

Now such a chance has come. The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum has invited the sculptor Ragnhildur Stefánsdóttir to show her works in the Museum and to select works by Ásmundur to exhibit with hers. This creates an interesting tour de force of different sculptures, where the human body is the basic form, that both artists work from; our sense of the interplay of form and content is then what gives the works their artistic value.

Guðrún Jónsdóttir, Chair



Ragnhildur Stefánsdóttir sagði eitt sinn um list sína: „Hið líkamlega, áþreifanlega – massinn, áferðin, snertingin, nálægðin, efnið, jörðin – er mér eiginlegt. Það er útgangspunktur minn, jafnvægi mitt, undirstaða mín."

Undur mannslíkamans hafa lengi heillað Ragnhildi Stefánsdóttur. Í verkum sínum hefur hún notað mjúk og meðfærileg efni til að tengja lífið og sköpunarferlið í eina heild. Gúmmí hefur verið áberandi til að minna á snertigildið og tilfinninguna fyrir þeim stöðugu breytingum sem lífið felur í sér. Annað lykilefni hennar hefur verið gifs, einkum hin síðari ár, þegar niðursneiddir líkamar hafa skyndilega birt okkur nýja sýn á manninn.

Andstætt eðli þessara efna – mýkt og harka, teygjanleiki og festa, litir og hlutleysi – verða til þess að skapa skemmtilega spennu í mörgum verkanna, sem vísar aftur til þeirrar innri spennu sem er að finna í hverjum manni, þar sem svipaðar andstæður takast stöðugt á. Þetta kemur fram með fjölbreyttum hætti í verkum Ragnhildar þar sem meðal annars er að finna ímyndir styrks, vöðva og beina, stjórnkerfi heila og hjarta, og þær boðleiðir skynjana sem hvíslast um allan líkamann og ráða samhæfni hverrar persónu. Loks eru það hinar nýju verur óvæntra hlutfalla; allt í senn reistar, kuldalegar, mannlegar, þjáðar og auðmjúkar þar sem þær standa andspænis okkur og spyrja okkur án orða um lífið og tilveruna.

Lengst af ferli sínum túlkaði Ásmundur Sveinsson hin grimmilegustu örlög mannsins jafnt sem yndislegustu stundir ævinnar með listrænni beitingu ímyndar mannslíkamans í verkum sínum. Stillt æðruleysi hins vinnandi manns og þjáning sorgmæddrar móður jafnt sem frísklega dregin form stílfærðra hugtaka eru hlaðin persónulegum krafti sem kemur aðeins fram í góðri list sem snertir áhorfandann.

Þannig tengjast verk þessara tveggja listamanna ekki aðeins í efni – gifs er ráðandi efni í mörgum verka þeirra beggja á sýningunni – og formi – þar sem mannslíkaminn í allri sinni fjölbreytni er grunnurinn – heldur ekki síður í inntakinu sem talar til hvers áhorfanda með beinum hætti. Í þeirri listsköpun skiptir tími og aldur engu máli, en innsæið öllu.

Eiríkur Þorláksson



Ragnhildur Stefánsdóttir once said about her art: "The physical, the touchable – the mass, the texture, the touch, the proximity, the matter, the earth – it is all crucial to me. It is my beginning, my balance, my foundation."

The wonders of the human physique have long enthralled Ragnhildur Stefánsdóttir. In her works she has used soft and malleable materials to connect life and the creative process into a whole. Rubber has been prominent to remind us of the sense of texture and the feeling of constant change that life brings with it. Another key material has been plaster, especially in the last few years, when sliced or truncated bodies have suddenly given us a new vision on man.


The opposite natures of these materials – the soft and the hard, the elastic and the firm, the colourful and the neutral – act to create an interesting tension in many of the works, which again refers to that inner tension present in each person, where similar opposites constantly battle. This is apparent in a variety of ways in her works, where one finds expressions of strength, muscles and bones, the control centers of the brain and the heart, and the sensory threads that weave through the whole body and control the coordination of each person. Then there are the new beings of unexpected portions, all at once upright, cold, human, suffering and humble, as they stand in front of us and ask unspoken questions about life and existence.

For most of his career Ásmundur Sveinsson interpreted man's cruellest fate as well as his beautiful moments with an artistic use of the image of the human form in his works. The quiet dignity of the working man and the suffering of a griefing mother as well as the stylized forms of chosen concepts are laden with a personal energy, that is only expressed in good art, that touches the viewer.

Thus the works of these two artists are not only linked in matter – plaster is the medium of choice in many of the works chosen for the exhibition – and form – where the basis is the human body in all its variety – but also by the subjects, that speak to the viewer in a very direct way. In this artistic creation time and age is nothing, but insight everything.

Eiríkur Thorláksson





Líkaminn er form reynslunnar. Hann er tilfinningalegt, vitsmunalegt og andlegt form, jafnt sem líkamsform.

The body is the form of experience. It is an emotional, intellectual and spiritual form, as well as a physical form.

Líkaminn er leið til að gefa sjálfum okkur gaum þegar við í umróti tilfinninga þenjumst út og drögumst saman á leið okkar í gegnum lífið.

The body is a way to notice ourselves as we, in a constant struggle with our emotions, expand or recede on our journey through life.

Tengsl hugsana og tilfinninga skapa heild sem á sér búsetu í líkamanum þar sem öll tilvist okkar á sér samastað, og samsvörun í beinum, holdi og blóði.

The relationship between thoughts and sensations create a whole that resides in the body, where all of our existence has its center and reference in bones, flesh and blood.

Hver líkamspartur tengist ákveðinni tilfinningu, hugsun, heild eða hluta úr heild. Hver tilfinning og hver hugsun skiptir máli – tekur á sig form og hefur áhrif á heiminn.

Each part of the body is related to a certain emotion, thought, whole or part of a whole. Every sensation and each idea counts – takes on a form and makes its mark on the world.

Líkamlegt form mannsins er aðeins endurvarp margra ósýnilegra líkama hans.

The physical form of man is only the reflection of his many invisible physical expressions.

Ragnhildur Stefánsdóttir

Ragnhildur Stefánsdóttir

f. 28. júní 1958 í Reykjavík / *b. June 28th 1958, in Reykjavík*

Heimilisfang / *Address:*
Skerplugötu 7
101 Reykjavík
raggafow@mmedia.is

Nám / *Education:*

1977–81 Myndlista- og handíðaskóli Íslands *The Icelandic College of Art and Crafts*
1981 *Minneapolis College of Art and Design, Minneapolis, U.S.A.*
1985–87 *Carnegie-Mellon University, Pennsylvania, U.S.A. (MFA)*

Helstu einkasýningar / *Selected solo exhibitions:*

1984 Kjarvalsstaðir, Reykjavík
1987 Hewlett Gallery, College of Fine Art, Pennsylvaniu, Bandaríkjunum
1993 Nýlistasafnið, Reykjavík
1994 Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn, Kópavogi
1996 Listhorn Gullsmiðju Hansínu Jens, Reykjavík
1997 Slunkaríki, Ísafirði
1997 Tehús – Hlaðvarpinn, Reykjavík
1999 Ásmundarsafn, Reykjavík

Valdar samsýningar / *Selected joint exhibitions:*

1984 Ungir myndlistarmenn / *Young Artists*, Kjarvalsstaðir, Reykjavík
1985 Myndhöggvarafélagið í Reykjavík / *The Reykjavík Sculptor's ,Association*, Kjarvalsstaðir, Reykjavík
1986 Forbes Gallery, Pennsylvaniu, Bandaríkjunum
1986 *Pittsburgh Society of Sculptor's Annual Exhibition*, Pittsburgh Center for the Arts, Pennsylvaniu, Bandaríkjunum
1987 Mendelson Gallery, Pennsylvaniu, Bandaríkjunum
1989 Myndhöggvarafélagið í Reykjavík / *The Reykjavík Sculptor's Association*, Reykjavík.
1990 Pacific Lutheran University Gallery, Washington, Bandaríkjunum
1994 X/Y Identitet och position inom nordisk samtidskonst / *X/Y Identity and status in Nordic Contemporary Art*, Åbo Konstmuseum, Turku/Åbo, Finnlandi
1995 Gullkistan / *The Gold Chest*, Laugarvatni
1995 Ketilhús, Listasumar Akureyri
1996 Borgarleikhúsið, Reykjavík
1996 Tukt / *Punishment*, Síðumúlafangelsi, Reykjavík
1997 Portmyndir / *Pictures in Passageways*, Reykjavík
1997 Uppskera / *Harvest*, Kjarnaskógi, Listasumar Akureyri: Afmælisýning Skógræktarfélags Eyjafjarðar
1998 Erótíka / *Erotica*, Listaskálinn í Hveragerði
1998 Flögð og fögur skinn / *In the Flesh*, Nýlistasafnið: Listahátíð í Reykjavík
1998 Hausar / *Heads*, Deiglan – fjöllistarsalur, Akureyri.
1998 List frá Íslandi – Ísland er list / *Art from Iceland – Iceland is Art*, Orkuveitan í Bergisch Gladbach Belkaw, Hannover, Þýskalandi
1998 Strandlengjan / *The Coastline*, Myndhöggvarafélagið í Reykjavík

Verk í opinberri eigu / *Works in public Collections:*

Listasafn Reykjavíkur / *The Reykjavik Art Museum*
Heilsugæslustöð Seltjarnarness / *The Seltjarnarnes Health Care Center*
Landsbanki Íslands / *The National Bank of Iceland*
Seðlabanki Íslands / *The Central Bank of Iceland*
Vestmannaeyjabær / *The City of Vestmannaeyja*
Vita- og hafnarmálaskrifstofan / *The Harbour and Lighthouse Authorities*



ÁSMUNDARSAFN

THE ÁSMUNDUR SVEINSSON SCULPTURE MUSEUM

VIÐ SIGTÚN – 105 REYKJAVÍK

Stjórn Ásmundarsafns / The board of The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum: Guðrún Jónsdóttir formaður / chairman, Ásdís Ásmundsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson. **Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / Director of the Reykjavik Art Museum:** Eiríkur Þorláksson. **Ljósmyndun / Photography:** Kristján Pétur Guðnason. **Þýðing / Translation:** Eiríkur Þorláksson. **Yfirlestur handrits / Proofreading and editing:** Mörður Árnason. **Þakkir fyrir aðstoð / Thanks for assistance:** Friðrik Weisshappel. **Umbrot / Catalogue design:** Ólöf K. Sigurðardóttir. **Prentun / Printing:** Prentsmiðjan Grafík hf.